



Reykjavík 28. apríl 2021

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017.

Virðisaukaskattur af akstri í almannapágu

Strætó fagnar fyrirhuguðum breytingum og viðbót við lög nr. 28/2017, sem heimilar flytjanda í almenningssamgöngum að kanna hvort rétt fargjald hafi verið greitt. Almennt virðist upphæð vanrækslugjalds og fyrirkomulag taka mið af hvernig þetta er framkvæmt í öðrum löndum. Ákvæði þetta er nauðsynleg viðbót við lögina því verið er að innleiða nýtt rafrænt greiðsluferfi í almenningssamgöngum hér á landi, þar sem farþeginn ber ábyrgð á því að greiða rétt fargjald með því að bera kort/miða/síma upp að þar til gerðum skanna í stað þess að vagnstjóri skoði öll greiðsluform sjónrænt.

Strætó leggur til að orðalagi í 1stu málsgrein um vanrækslugjald, að í stað „starfsmaður flytjanda“ verði orðalagið „starfsmaður á vegum flytjanda“ sett inn. Mjög algengt form á eftirliti með því hvort rétt fargjald sé greitt, er að fá öryggisfyrirtæki til að taka stikkprufur á meðal farþega en einnig er gert ráð fyrir að hjá Strætó verði sérstakir starfsmenn í slíku eftirliti.

Það þarf síðan að vera skýr heimild fyrir flytjendur að geyma persónugreinarlegar upplýsingar verði uppi ágreiningur um álagningu vanrækslugjalds.

Strætó vill síðan áréttta að mikilvægt sé að sett verði heildstæð lög um almenningssamgöngur þar sem skyldur og réttindi flytjanda og farþega séu vel tryggð.

Fulltrúar Strætó eru tilbúnir til að koma á fund nefndarinnar til að virða frekar sín sjónarmið.

Virðingarfyllt,

Jóhannes Rúnarsson
Framkvæmdastjóri Strætó bs.